

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til að kenna sjómannafræði.* — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna hefi jeg af fje því, sem ákveðið er í fjárlögunum fyrir þetta ár til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, veitt Hannesi skipstjóra Hafliðasyni 100 kr. styrk til að kenna sjómannafræði hjer í böenum. 18
24. jan.

Þetta er tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um skyldur hreppsnefndar með tilliti til uppfósturs og framfæris barna.* — Hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps hefir áfrýjað hingað úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 30. maí f. á., er breytir úrskurði sýslumannsins í Rangárvallasýslu frá 27. des. 1878 um skyldu Fljótshlíðarhrepps til að endurgjalda Austureyjafjallahreppi 138 fiska styrk, veittan Tómasi nokkrum Tómassyni veturinn 1875—76. Eptir að hafa meðtekið álit yðar um áfrýjun þessa, vil jeg tjá yður það, sem nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar. 19
26. jan.

Það, sem tjeðar hreppsnefndir greinir á um, er, hvort hinn greindi styrkur hafi verið nauðsynlegur, en það er viðurkennt af báðum, að Tómas hafi, þá er hann þáði styrkinn, verið sveitlægur í Fljótshlíðarhreppi, þó hann væri búinn að dvelja á 10. ár í Austur-Eyjafjallahreppi.

Hvað nú nauðsyn styrksins snertir, hafið þjer, herra amtmaður, einkum byggt úrskurð yðar á því, að hlutaðeigandi fátæklingur hafði ekki beiðzt styrksins, og að hann hefir skýrt frá, að hann hafi ekki vitað, að styrkurinn væri veittur af sveitarfje, en þvert á móti haldið, að sjer væri veittur styrkurinn í gustukaskyni. Jeg er yður nú samdóma um, að einkum þegar sveitarstyrkur er veittur á 10. ári dvalar fátæklings í þeim hreppi, sem veitir styrkinn, verður það að koma til nákvæmrar rannsóknar, hvort styrkurinn hafi verið nauðsynlegur, og að sveitarstjórn eigi ekki, ef allt fer skaplega, að bjóða fram styrk af sveitarfje, án þess að vera þar til kvödd. Hins vegar verður það í þessu máli að koma sjerstaklega til greina, að sá styrkur, sem hjer ræðir um, var innifalinn í því, að taka 3 ungbörn af hlutaðeigandi fátæklingi um nokkurn tíma til uppfósturs. Það er komið fram í málinu, að Tómas hafi viðkomandi vetur haft 12 manns í heimili, og þar af 7 börn innan 10 ára aldurs og háaldraða og hruma tengdamóður sína, og að hann hafi um það leyti, er börnin voru tekin af honum, ekki haft önnur matvæli en lítilsháttar af þurrum róum og lítið af mjólk. Sjerhverri hreppsnefnd ber nú sjerstaklega að skipta sjer af uppfóstri og framfæri barna í hreppnum, sjá reglugj. 8. jan. 1834 § 9, sbr. 14. gr. tilsk. 4. maí 1872 og 53. gr. stjórnarskrárinnar, og Austur-Eyjafjallahreppstjórn virðist því ekki að hafa gert annað í þessu máli, en það sem henni var heimilt og skylt, þegar hún ótilkvödd fór að grennslast eptir bjargræðisástandinu á heimili, er eins mörg börn voru á og þessu. Að ekki þá var farið «að sjá á börnunum», gat ekki bægt hreppsnefndinni frá því, að skipta sjer af uppfóstri þeirra, og þegar foreldrarnir fegnir þáðu styrk þann, er þeim var boðinn, virðist það atriði ekki að geta haft mikla þýðingu, að þeir höfðu ekki beiðzt styrksins, og að þeir hafi skýrt frá, að ef þeir hefðu vitað, að það væri sveitarstyrkur, sem þeim væri boðinn, hefðu þeir ekki viljað þiggja hann, því það liggur í augum uppi, að það var skylda þeirra heldur að leita styrks til sveitarinnar, en að kvelja börn sín í sulti. Um það getur nú enginn vafi verið, að styrkur þessi í rauninni hafi verið lagður úr sveitarsjóði, enda hefir Fljótshlíðarhreppur ekki vefengt það, og 2 af þeim

Hinn 1. marz 1880.

19 búöndum, sem tóku börnin, hafi skýrt frá því, að hreppsnefndin hefði komið börnunum
26. jan. fyrir hjá sjer, og að hún einnig hafi galdið sjer umsamið meðlag með þeim.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, get jeg ekki fallizt á hinn áfrýjaða úrskurð yðar, herra amtmaður, en verð aptur á móti að staðfesta úrskurð sýslumannsins í Rangárvallasýslu, er skyldar Fljótshlíðarhrepp til að endurgjalda Austur-Eyjafjallahreppi hinn umrædda styrk með 138 fiskum í peningum eptir verðlagsskrá þeirri, er gildi um það leyti, sem styrkurinn var veittur.

20 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um máls-
27. jan. sókn út af ólöglegri húsmennsku.* — Með þóknanlegum brjefum yðar, herra amtmaður, frá 8. nóv. f. á. og 15. þ. m. hefi jeg meðtekið álit yðar og ítarlegar skýringar um kæru Einars nokkurs Ingimundarsonar út af því, að hann, eptir að hafa keypt sjer hús («bœ») hjer í bönum, búið þar á 8da ár og greitt á hverju ári þau gjöld til bæjarsjóðs og fl., er jafnað hafi verið á hann, hafi verið ákærður um ólöglega húsmennsku og með amtsúrskurði skyldaður til að greiða 10 kr. sekt.

Fyrir því skal tjáð yður hið eptirfaranda til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda:

Undir lögreglumáli því, er höfðað hefir verið gegn Einari Ingimundarsyni, er það fullkomlega sannað, að hann hafi vorið 1872 sezt að hjer sem húsmáður, án þess að fá til þess slíkt leyfi sveitarstjórnarinnar, sem getur um í 12. gr. tilsk. 26. maí 1863, en að það þvert á móti hafi með brjefum bæjarfógetans í Reykjavík frá 21. sept. og 4. okt. 1872 skýrt og skorinort verið tjáð honum, að fátækrastrjórnin hefði synjað honum um leyfi þetta, og sjest það ekki, að hann hafi gjört nokkra ráðstöfun til, að áfrýja neitun þessari til amtsins. Það getur þannig ekki verið neinum vafa undirorpið, að Einar Ingimundarson hafi orðið sekur í broti á 12. gr. tilsk. 26. maí 1863, eins og ákveðið er með úrskurði amtsins frá 17. okt. f. á., og að hann hefði orðið að sæta hegningu fyrir brot þetta, ef þessari ábyrgð hefði í tæka tíð verið fylgt fram gegn honum.

En nú ákveður 67. gr. hegningarlaganna, að «ekki skal höfða mál á móti manni til refsingar, þegar liðin eru 2 ár frá því, að hann varð brotlegur, og afbrotið á undir hegningarákvörðun, þar sem ekki er sett þyngri hegning en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi». Þó hin nefnda ákvörðun einkum verði að hafa þau afbrot fyrir augum, er getur um í hegningarlögunum, og þó afbrot það, er hjer ræðir um, sje ekki meðal þeirra, virðist mjer vafasamt, hvort alveg megi líta burt frá henni við þetta mál, því allar ástæður þær, sem ákvörðunin er byggð á, eiga enn betur við slíkar lögreglu-yfirsjónir, og hjer er um að ræða, en við hin eiginlegu sakamál, sem hegningarlögin beinlínis eiga við. Mjer virðist það því vafasamt, hvort nægileg ástæða hafi verið til að höfða mál það, er þjer, herra amtmaður, hafið úrskurðað, en þar sem það er fyrsta sinn, að spurning þessi kemur fyrir, eptir að hegningarlögin 25. júní 1869 náðu gildi, hefi jeg ekkert á móti því, að bæjarfógetinn í Reykjavík eða bæjarstjórnin, ef hún óskar, að Einar Ingimundarson verði lögsóttur fyrir hið nefnda brot, þó það virðist að hafa verið óatalið í rúm 7 ár, láti halda máli þessu til dóms, svo að úrlausn dómstólanna geti fengizt um það, hvort hinar almennu ákvarðanir í hegningarlögunum um fyrningu refsingarábyrgðar eigi ekki að takast til greina við almenn lögreglumál.

Samkvæmt því, er þannig er tekið fram, skal amtsúrskurður sá frá 17. oktbr. f. á., er ræðir um í þessu máli, hjer með úr gildi felldur.